



Reykjavíkurborg
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 4. júní 2019
R19060032

Borgarráð

Samstarfssamningur um Heilsueflandi samfélag

Lagt er til að borgarráð samþykki að borgarstjóri undirriti, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, hjálögð drög að samstarfssamningi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Embætti landlæknis um Heilsueflandi samfélag.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Samstarfssamningur um Heilsueflandi samfélag, drög.



Reykjavíkurborg, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) og Embætti landlæknis (EL) gera með sér eftirfarandi samstarfssamning um Heilsueflandi samfélag (HSAM). Samningurinn kemur í stað fyrra samkomulags, *Samstarf á sviði lýðheilsu*, frá 4. júní árið 2013. Borgarstjóri, landlæknir og forstjóri heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eru ábyrgðarmenn verkefnisins og munu eiga reglulega fundi, að jafnaði tvisvar á ári, til að fylgjast með framvindu þess. Jafnframt munu þeir eiga fulltrúa í starfshópi sem mun annast framkvæmt samstarfssamningsins.

1. grein

Heilsueflandi samfélag, meginmarkmið og leiðarljós

Heilsueflandi samfélag er samfélag þar sem tekið er mið af heilsu og vellíðan allra íbúa í stefnumótun, ákvarðanatöku og aðgerðum á öllum sviðum. Í Heilsueflandi samfélagi er unnið markvisst lýðheilsustarf með lýðheilsuvísa, gátlista og önnur viðeigandi gögn til að meta stöðuna með tilliti til þarfa íbúa á öllum æviskeiðum og forgangsraða í samræmi við niðurstöðu þeirrar greiningar. Unnið er heildstætt með áhrifabætti heilsu og vellíðanar. Meginmarkið starfsins er að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa í Reykjavíkurborg.

Innleiðing Heilsueflandi samfélags styður við innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Leiðarljós Heilsueflandi samfélags:

- **Virk þátttaka samfélagsins í heild** með aðkomu lykilhagsmunaaðila.
- Starfið byggir á **bestu þekkingu og reynslu** á hverjum tíma.
- **Valda ekki skaða** (*do no harm*) með því að huga ávallt að áhrifum starfsins á andlega, líkamlega og félagslega heilsu og vellíðan allra íbúa.
- **Jöfnuður til heilsu** með almennum aðgerðum og aðgerðum sem taka tillit til viðkvæmra hópa.
- **Sjálfbærni** með áherslu á starf og árangur til lengri tíma litið.

2. grein

Hlutverk samningsaðila

Reykjavíkurborg:

- Ber ábyrgð á starfinu, undir forystu skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, og vinnur það í samræmi við meginmarkmið og leiðarljós HSAM samanber 1. grein.
- Tilnefni tengilið við EL og stuðlar að virku starfi með aðkomu lykilhagsmunaaðila. Það er m.a. gert með því að hafa starfandi starfshóp með þátttöku fulltrúa af sviðum borgarinnar, og eftir þörfum aðra hópa, sem hittast reglulega og horfa heildstætt á málin m.t.t. ólíkra þarfa allra íbúa.
- Setur fram lýðheilsustefnu, árlega aðgerðaáætlun og metur framvindu og árangur starfsins.
- Styður við og samræmir heilsueflingar- og forvarnastarf í hverfum og hvetur skóla í borginni til þátttöku í starfi Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla.
- Einsetur sér að vera heilsueflandi vinnustaður og hvetur stofnanir og fyrirtæki borgarinnar til að gera slíkt hið sama.
- Notar vinnusvæðið *heilsueflandi.is* í starfinu og leggur þannig til gögn í árlega skýrslu um stöðu og framvindu þess.
- Skilgreinir sig sem Heilsueflandi samfélag og gerir grein fyrir starfinu m.a. á heimasíðu sinni.

- Vinnur með Landlæknisembættinu að greiningu á ójöfnuði til heilsu.
- Reykjavíkurborg mun einnig sækja um aðild að samstarfsneti heilsuborga , WHO European Healthy City Network.

Embætti landlæknis:

- Tilnefndir fulltrúa í starfshóp Reykjavíkurborgar fyrir starfið.
- Styður við starfið m.a. með ráðgjöf, auðkennisefni og gátlistum fyrir helstu áhersluþætti HSAM og Heilsueflandi skóla.
- Skilgreinir og gefur árlega út lýðheilsuvísa.
- Leggur til vinnuvæðið *heilsueflandi.is* sem m.a. útbýr árlegar skýrslur um stöðu og framvindu starfsins.
- Vinnur með Reykjavíkurborg að greiningu ójöfnuðar til heilsu.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

- Tilnefnir fulltrúa í starfshóp Reykjavíkurborgar fyrir starfið
- Stuðlar að því að góð samvinna sé um heilsueflingar- og forvarnastarf í hverfum á milli heilsugæslustöðva, allra skólastiga og þjónustumiðstöðva borgarinnar.
- Skipar tengiliði við leikskóla til að miðla upplýsingum, veita ráðgjöf um heilbrigðistengd mál og stuðla að aukinni bólusetningu barna í samráði við sóttvarnarlækni.

3. grein

Gildistími og uppsögn samnings

Samningurinn er í gildi á meðan það er vilji samningsaðila að starfa samkvæmt honum. Æskilegt er að endurskoða samninginn á 4 ára fresti. Ef tilefni þykir til geta samningsaðilar óskað eftir því að samningurinn verði endurskoðaður eða ógildur á öðrum tímum.

Reykjavík xx

F.h. Reykjavíkurborgar
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

F.h. Embættis landlæknis
Alma D. Möller, landlæknir

F.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
XXXX